


Litaspjald sögunnar

Sýnishorn um litaval á eldri húsum



Litaspjald sögunnar

Sýnishorn um litaval á eldri húsum

Litaspjald sögunnar

Sýnishorn um litaval á eldri húsum
Reykjavík 2021.

Útgefandi Epal hf.

Ljósmyndir Guðmundur Ingólfsson, Ímynd ehf.
Alma Sigurðardóttir og Pétur H. Ármannsson

Umbrot og uppsetning Guðmundur Pétursson, Brandenburg.

Prentun Litróf ehf.

Að útgáfunni komu Alma Sigurðardóttir, Eyjólfur Pálsson,
Grétar Markússon, Henny Hafsteinsdóttir, Hjörleifur Stefánsson,
Magnús Skúlason, María Gísladóttir, Páll V. Bjarnason,
Pétur H. Ármannsson, Stefán Örn Stefánsson.

Verkefnið hlaut styrk frá Húsafriðunarsjóði, auk þess sem
Minjastofnun Íslands og Borgarsögusafn Reykjavíkur lögðu fram
vinnu einstakra starfsmanna.



Borgarsögusafn
Reykjavíkur



Minjastofnun
Íslands

Málningarfyrirtækin Flügger ehf., Málning hf., Slippurinn hf.
og Sérefni ehf. greiddu prentkostnað.

Tilvísanir og notkun litanúmera NCS kerfisins er með leyfi NCS

NCS – Natural Colour System® property of and use on licence
from NCS Colour AB, Stockholm 2021.

References to NCS® in this publication are used with permission
from the NCS Colour AB.

Formáli

Litir hafa áhrif á líðan okkar. Þeir móta skynjun okkar á umhverfinu
og hafa bein áhrif á tilfinningalífið. Litasamsetningar eru breytilegar,
fara eftir tíðaranda, tísku og smekk, og endurspegla þannig menn-
ingu okkar og sögu.

Íslendingar hafa verið óhræddir við breytingar og sá eiginleiki
endurspeglast gjarnan í því hvernig við málum húsin okkar. Sumir
sjá liti húsa sem tákmynd einstaklingsfrelsis og mála í skærum
litum sem kalla á augað eða tefla saman ólíklegustu litum. En oft
tekst vel til og litavalið undirstrikar stíl og svipmót byggingarinnar,
það gleður augað og eykur gildi hússins og umhverfisins.

Í miðbæ Reykjavíkur má víða sjá byggingar í fallegum litum, jafnvel
heilar götumyndir þó sums staðar hafi einnig tekist misjafnlega
til. Ég geng mikið um bæinn og á einni slíkri göngu kviknaði hug-
myndin um að útbúa mætti litaspjald til að auðvelda fólki að velja
liti sem hæfðu eldri húsum og umhverfi þeirra. Litaspjald sem tæki
mið af íslenskri húsagerðarsögu og gæti verið til leiðbeiningar og
aðstoðar þeim sem vilja sýna húsum sínum tilhlýðilega virðingu,
kinka kolli til uppruna þeirra og láta þau verða hluta af fallegum
samhljómi lita.

Í vor veitti Minjastofnun Íslands styrk úr húsafriðunarsjóði til að
þróa litaspjald í þessum anda og í framhaldinu var myndaður starfs-
hópur um verkefnið, fólks sem unnið hefur við endurgerð eldri húsa
um árabíl. Verkefnið hefur verið gefandi og skemmtilegt og hópur-
inn hefur unnið vel saman. Afraksturinn er að finna í þessu leiðbein-
ingariti þar sem birtar eru ljósmyndir af tuttugu og átta eldri húsum
frá mismunandi tímaskiðum sem þykja til fyrirmyndar hvað varðar
litaval og samhengi við uppruna og stíl húsanna.

Litaprufur og litanúmer fylgja með til að auðvelda þeim sem hyggj-
ast mála eldri byggingar að sækja sér innblástur og leiðbeiningar.
Litanúmerin fylgja alþjóðlegu kerfi, NCS, sem er óháð framleið-
endum en íslenskir málningarframleiðendur hafa góðfúslega styrkt
útgáfuna.

Flest kjósum við að umhverfi okkar myndi samhljóm og sé að-
laðandi. Það á sérstaklega við um gróin hverfi og borgarhluta. Við
eigum að bera virðingu fyrir hönnun og uppruna húsa, sér í lagi
þegar kemur að eldri byggingum og velja þeim liti sem samræmast
uppruna þeirra og sögu.

Eyjólfur Pálsson



„Utanbúss eru hinir ljósari litir jafnan vinsælir. Hús við þröngar götur mega ekki vera dökk, vegna birtu andbýlinganna og birtunnar í götunni yfirleitt. — Þá er einnig æskilegt að húsin séu lík að lit, eða með litum, sem fara vel saman. Í sambyggðri götu eru marglitir veggir yfirleitt þreytandi og gera götuna óheillega og órólega ásjúndum.“

Sigurður Guðmundsson arkitekt. 1939.

Húsakostur og híbýlaprýði. Mál og menning, Reykjavík.

Deir litir, litasamsetningar og litanúmer sem hér eru til umfjöllunar eru sett fram með fyrirvara um að í sumum tilvikum kunni litum húsanna að hafa verið breytt, hús endurmáluð eða litur breyst vegna áhrifa sólarljóss.

Nesstofa

1761

Nesstofa við Seltjörn var teiknuð af danska hirðarkitektinum Jacob Fortling (1711–1761) sem embættisbústaður Bjarna Pálssonar (1719–1779) fyrsta landlæknis á Íslandi. Sumarið 1761 var lagður grunnur að húsinu og síðan tekið til við smíðina. Í ágúst 1763 var gerð á húsinu úttekt og skömmu síðar flutti Bjarni í húsið ásamt konu sinni Rannveigu Skúladóttur fógeta, þótt sitthvað væri enn ófullgert. Árið 1767 taldist húsið fullsmíðað og frágengið. Stein-smíði önnuðust múrarasveinarnir Georg Becker og Þorgrímur Þorláksson en trésmíði þeir Adam Weinbrenner trésmíðasveinn og Ólafur Arngrímsson snikkarasveinn.

Húsið er hlaðið úr kalkklínmu grágrýti sem að mestu var brotið upp og sprengt í Valhúsahæð. Útveggir og burðarveggur langsum eftir miðju húsi eru gerðir af tveimur byrðum, bundnum saman af þverlögðum steinum, en holrúmið fyllt kalkmúr og grjótmulningi, milliveggir aftur á móti einhlaðnir, allir múrhúðaðir og kalkkústaðir. Á húsinu er krossreist sperrupak, gaflsneitt, með grind undir skambitum og ufsasperrum yst hvorum megin, tvöfalt timburþak bikað, skarsúð innst, reisisúð yst. Strikuð múrbrún úr tré lokar bitaendum, máluð rauðbrún ásamt vindskeiðum, en gluggar og hlerar perlugráir. Loftið er tvöfalt, neðra byrðið greipt í bita og leirfylling milli laga.

Loft í herbergjum eru máluð perlugrá, tvö þeirra prýdd hárauðum heflstrikum á bitajöðrum, veggir hvítir með rauðbrúnum bekk niðri við gólf, í eldhúsi rauðbrúnir veggir og svagrátt loft. Lyfjabúðin var máluð í ljósbláum lit með himinbláum listum og brúnum, skúffur með áteikningu um innihald ásamt flúruðu skrauti eftir danska listmálarann Søren Helt (d. 1784).

Haustið 1772 var húsinu skipt milli landlæknis og lyfsala og riðlaðist þá upphafleg herbergjaskípan þess. Eftir að húsið komst í einkaeign 1834 voru gerðar miklar breytingar á ytri gerð þess. Húsið var endurreist á vegum Þjóðminjasafns Íslands í tveimur áföngum, 1980–1986 og 2004–2008, og fært eins nálægt upprunalegri gerð og framast var kostur með áherslu á sögulegt gildi þess og byggingarlist.



Litir



Gluggar 6010-G90Y	Þak Litarefni í tjöru	Veggir Betokem DEK-G	Hurð 6020-Y90R
-----------------------------	---------------------------------	--------------------------------	--------------------------



Aðalstræti 16


1764

Upphaflega stóð eitt af húsum Innréttinganna svokölluðu á lóðinni við aðalgötuna milli Víkurbæjarins og sjávar sem seinna varð nr. 16 við Aðalstræti. Það var einlyft timburhús, bindingshús, klætt reisifjöl á hlöðnum grunni með háu risi og rennisúð á þaki. Þegar Innréttingatímanum lauk rak maddama Angel þar fyrsta gistihús og greiðasölu í bænum og um 1830 var stofnaður þar fyrsti barnaskólinn í bænum. Um miðja 19.öld keypti Jón Guðmundsson húsið og þar voru ritstjórnarskrifstofur Þjóðfrelsisblaðsins *Þjóðsöls*. Húsið var þá endurbætt mikið en um aldamótin 1900 eignaðist Hans Andersen klæðskeri húsið og lét stækka það smám saman í núverandi mynd. Um síðustu aldamót var að frumkvæði Minjaverndar hf. lagður grunnur að uppbyggingu hótels á lóðunum við Aðalstræti og Túngötu. Við hönnun nýbygginga umhverfis hið gamla friðlýsta hús var tekið tillit til umhverfisins í Grjótaþorpi, stærðir og hlutföll tóku mið af því og gafl hins fornfræga Fjalakattar var reistur til stuðnings götumyndinni. Endurbygging Aðalstrætis 16 miðaðist við seinasta byggingarstig þess rúmri öld fyrr og litavalið mótaðist af því.

Litir






Veggir
2010-G30Y



Gluggarammar
0502-Y



Gluggafaldar,
skraut um glugga
5010-G30Y



Hlerar
6010-G30Y



Útihurð
7010-G30Y



Þak
8500-N



Hæstakaupstaðarhús

1788

Þegar einokunarverslun á Íslandi var afnumin árið 1786 hófu Björgvinjarkaupmenn fiskveiðar og verslun á Ísafirði. Árið 1788 komu til Ísafjarðar á þeirra vegum tvö skip hlaðin byggingarvörum, þar á meðal tvö tillhöggvin hús, sem risu í Hæstakaupstað. Annað þeirra er nú nefnt Hæstakaupstaðarhús. Af samtímalýsingum kemur fram að það var stokkahús, veggir hlaðnir úr láréttum plönkum sem felldir voru saman og grópaðir á víxl á hornum. Veggir og þak voru tjargaðir en að innan var veggfóður og hurðir og dyraumbúnaður máláður. Dyra- og gluggabúnaður hússins er mjög vandaður, skreyttur með hefilstrikum. Yfir útidyrum er mjög sérstakur dyrabjór (tympfan) með myndskurði. Í fyrstunni var skarsúð á þakinu en rennisúð var síðar sett yfir. Bárufjárn var sett á þakið fyrir aldamótin 1900. Nokkru eftir að húsið reis var það lengt og á 20. öldinni voru útveggir þess klæddir sléttum jarnplötum. Árið 1993 endurbyggðu og bættu nýir eigendur húsið af myndarbrag. Húsið var málað með hliðsjón af blómaskeiði þess á seinni hluta 19. aldar þegar það hafði náð fullri stærð og var eitt glæsilegasta hús Ísafjarðar.




Litir






Veggir
3030-Y20



Vatnsbretti og
gluggafaldar
2502-Y



Gluggakarmar
og vindskeiðar
502-Y



Gluggarammar
6030-Y60R



Þak
Litarefni í tjöru



Langabúð

1790


Langabúð er vafalítið elsta hús Djúpavogs þótt ekki sé hægt að tilgreina með vissu hve gamalt húsið sé. Að hluta til má rekja sögu Löngubúðar til vörugeymslu- og sláturhúsa sem lýst er í virðingu verslunarhúsa Djúpavogs árið 1742 en byggingarár þeirra er óþekkt. Þessi hús voru endurbyggð oftar en einu sinni, að mestu leyti úr sama byggingarefni en þó með breyttum byggingaraðferðum, í svipaðri stærð og á sama grunni. Húsin tvö voru jafn breið. Nokkurt bil var á milli húsagaflanna sem sneru saman og þar var svolítið athafnasvæði, yfirbyggt port. Í suðurenda Löngubúðar var sláturhús en vörugeymsla var í norðurhlutanum.

Að frumkvæði Safnastofnunar Austurlands lét Kaupfélag Berufjarðar hefja endurbætur sem lokið var árið 1997 eftir að sveitarfélagið eignaðist húsið.

Í húsinu var komið fyrir sýningu um líf og starf Ríkharðs Jónssonar myndhöggvara og sýningu um stjórnáamanninn Eysteinn Jónsson og þar er einnig rekin kaffistofa.

Útveggir Löngubúðar og þak eru klædd breiðum, grófum furuborðum sem tjörguð eru með sama hætti og tíðkaðist á 18. og 19. öldinni. Rauðu járnoxíði er blandað í tjöruna sem borin er á veggina en svörtu í þá tjöru sem notuð er á þakið.

Litir



Veggir Litarefni í tjöru	Gluggar 1002-R	Þak Litarefni í tjöru
------------------------------------	--------------------------	---------------------------------



Austurstræti 22

1802

Húsið að Austurstræti 22 var byggt 1802. Það var stokkahús, byggt úr furustokkum, en klætt að utan með tjörguðum bordum. Fáum árum seinna keypti Trampe greifi húsið, en hann var þá nýlega orðinn stiftamtmaður yfir Íslandi. Hann gerði miklar endurbætur á húsinu einkum þó innri frágangi þess og bjó þar meðan hann dvaldi hérlandis. Þar var hann handtekinn af Jörundi hundadagakonungi 1809 sem sjálfur settist að í húsinu. Um 1820 fluttist stiftamtmaður yfir götuna og lækinn í tugthúsið þar sem nú er Stjórnarráðið. Landsyfirréttur var eftir það í húsinu til 1871.


Prestaskólinn fékk þá húsið og var þar til 1911 er Háskóli Íslands var stofnaður. Haraldur Árnason keypti húsið 1915 og rak þar Haraldarbúð, sem var ein helsta vefnaðarvöruverslun bæjarins um langt skeið. Hann lét gera ýmsar breytingar á húsinu. Gluggar á framhlið þess voru stækkaðir og settur kvistur í gegnum húsið.

Síðasta vetrardag 2007 kviknaði eldur í húsunum á horni Lækjargötu og Austurstrætis og nokkur þeirra brundu mjög illa og til ónýtis, þar á meðal Austurstræti 22. Húsið var endurbyggt sem stokkahús árið 2008. Tré voru flutt inn frá Noregi og höggvin til og raðað saman með mosa milli stokka til þéttingar. Að utan er húsið klætt með listaklæðningu á veggjum, málað og með tjargaðri rennisúð á þaki. Gunnar Bjarnason trésmíðameistari var yfirmsiður byggingarinnar.


Litir



Klæðningarborð og listar 2010-Y20R	Gluggafaldar og kvistveggir 4005-Y20R	Gluggarammar, flatsúlur, bjór, vind-skeið og þakskegg 1002-Y
--	---	--



Bakdyr I 7010-G90Y	Bakdyr II 6005-Y20R	Aðaldyr 7010-Y70R	Þak Litarefni í tjöru
------------------------------	-------------------------------	-----------------------------	---------------------------------



Hansenshús

1823

Hansenshús er talið hafa verið reist árið 1823 og stóð á lóð sem síðar var talin númer 15 við Pósthússtræti. Það er kennt við Símon Hansen, dansk-íslenskan kaupmann, sem bjó þar til dánardags 1847.

Hansenshús var mjög upprunalegt að gerð þegar það var flutt á Árbæjarsafn 1960, fyrst flutningshúsa. Húsið er bindingshús af þeirri gerð sem kölluð hefur verið dönsk-íslensk.

Norski forvörðurinn Jon Brænne gerði yfirgripsmikla litarannsókn á húsinu fyrir Árbæjarsafn á árunum 2005–2011. Samkvæmt niðurstöðum hennar var húsið upphaflega málað á öllum hlíðum sem þykir einstakt því flest hús frá þessum tíma voru tjörguð. Öll málning sem notuð var í húsinu innihélt þornandi olíur, mögulega blöndu af línolíu og lýsi. Að utanverðu voru ekki notuð ódýr litarefni s.s. okkur eða rautt járnoxíð heldur blýhvíta blönduð með lífrænu sortuefni. Utanhússmálning var samkvæmt tísku samtímans, eftirlíking af sand- eða kalksteini. Af gráa sandsteinslitnum á viðarklæðningunni og ljósari sandsteinslit á gluggum má ráða að menn vildu hafa sérstaka liti og litasamsetningar, ekki bara verja klæðningu og lista.

Litir



Gluggar
1002-Y

Veggir
4502-G

Þak
Litarefni í tjöru



Aðalstræti 2

1855

Á mótum Aðalstrætis, Hafnarstrætis og Vesturgötu stendur samstæð heild húsa frá fyrstu tíð verslunar í Reykjavík. Núverandi framhús við Aðalstræti 2 var reist árið 1855, eitt þeirra verslunarhúsa sem kaupmenn byggðu á sjávarbakknum við Hafnarstræti eftir að Íslandsverslun var gefin frjáls öllum þjóðum sama ár. Húsið við Aðalstræti 22 var reist af Robert Tærgesen kaupmanni en Waldemar Fischer kaupmaður eignaðist það árið 1865 og við hann er kennt Fischersund. Húsið var frá upphafi tvílyft og var klætt málaðri listasúð, með hellulögðu, gafflsneiddu þaki og skreytingum ofan við dyr og glugga. Geymsluhús vestar á lóðinni var reist 1896 og stækkað í núverandi mynd 1905. Milli húsanna voru reistir skúrar sem voru stækkaðir í áföngum uns úr varð tengibygging. Árið 1904 keypti H.P. Duus verslunarhúsin og rak þar verslun til 1927 en í seinni tíð hafa þau gjarnan verið kennd við verslunina Geysi sem þar var rekin frá árinu 1954. Húsunum var talsvert breytt í áranna rás, voru meðal annars bárujárnsklædd en síðar öll múrhúðuð að utan en útlit framhússins og geymsluhússins var fært til eldra hofs á árunum 2000–2004 og um leið var ný tengibygging úr stáli og gleri byggð á milli þeirra. Litasetning hússins er hlýleg og mjúk, veggliturinn ljós en dekkri tónn í umgjörð um hvíta glugga. Þakið er svart eða kolgrátt sem gæti endurspeglað upphaflegt þakefni sem var steinskifur en fljótlega var sett bárujárn á þakið, eða fyrir aldamótin 1900.


Litir






Gluggafaldar
8505-Y20R



Veggir
4010-Y30R



Gluggarammar
1002-Y



Þak
8500-N



Aðalstræti 4

1859

Jón Chr. Stephánsson timburmeistari

Pegar húsinu var valinn staður við Aðalstrætið stóðu öll önnur hús bæjarins á sléttri eyrinni og við flæðarmálið inn eftir fjörunni. Það stóð því ofar en önnur hús, blasti víða við og af pallinum framan við húsið hefur verið mikið útsýni yfir bæinn. Oddur Thorarensen fékk konungsleyfi til lyfjaverslunar á Akureyri 1819, hann tók nokkrum árum síðar við lyfjabúðinni í Nesi við Seltjörn (sjá Nesstofu). Sonur hans Jóhann Pétur Thorarensen, lét reisa þetta stóra og glæsilega hús fyrir fjölskyldu sína og lyfjaverslunina 1859. Jón Chr. Stephánsson timburmeistari teiknaði og smíðaði húsið en hann var þá nýkominn heim frá Danmörku eftir nokkurra ára dvöl. Margt gerði húsið sérstakt á þessum tíma, stærð þess, gaflsneiðingarnar, miðjukvisturinn sem setti mikinn svip á húsið og varð síðar mörgum öðrum fyrirmynd. Umbúnaður dyra og glugga, handrið og allt tréverk var í nýklassískum stíl og var meira en áður hafði sést. Timburklæðningin sjálf var einnig af nýrri gerð, plægð borð með strikuðum listum yfir samskeytum, klæðning sem farið var að nota um sama leyti og byrjað var að mála hús í stað þess að tjarga. Húsið var í eigu fjölskyldunnar til 1934 en eftir þann tíma voru íbúðir á báðum hæðum þess og skömmu eftir miðja síðustu öld var allt skraut hússins fjarlægð og húsið múrhúðað að utan. Húsið var friðað 2006 en Minjavernd hf. keypti húsið nokkrum árum síðar og gerði það upp á nýjum steypum kjallara og afhenti nýjum eigendum húsið 2017.



Veggir
2030-Y20R

Gluggarammar
0502-Y

Þakkantur
6010-Y50R

Umgjörð glugga
6010-Y50R

Umgjörð glugga II
4010-Y50R

Stykkishólmskirkja

1878

Helgi Helgason smiður

Stykkishólmsbúar sóttu kirkju að Helgafelli frá fornu fari. Um 1875 hafði íbúum plássins fjölgað nokkuð, voru orðnir 250 talsins, og þótti þá tímabært að huga að byggingu kirkju í þorpinu. Helga Helgasyni tónskáldi og smið í Reykjavík var falið að gera teikningar að kirkjunni og áætlun um byggingu hennar. Henni var valinn staður á rústum lítils torfkots sem nefndist Hnausakofatómthús. Kirkjuna teiknaði Helgi í nýklassískum stíl sem var að ryðja sér til rúms í timburkirkjugerð hér á landi en innra fyrirkomulag var ekki síður nýstárlegt, með „leiksviði“ eða stórum bogadregnum palli fyrir austurgaffli með miðpunkti flestra kirkjulegra athafna.

Jóhannes Jónsson snikkari frá Reykjavík tók að sér að reisa kirkjuna árið 1878, en hann hafði lært smíðar af Einari Helgasyni snikkara-meistara í Reykjavík. Til að annast innansmiði hússins var fenginn Þorkell Gíslason snikkari í Reykjavík, en hann hafði lært trésmíðar hjá Helga Helgasyni sem teiknaði kirkjuna.

Danskur málari, Nicolaj Sófus Berthelsen var fenginn til að mála hina nýbygðu kirkju árið 1880. Hann var einn af fyrstu faglærðu málurum sem störfuðu hér á landi og málaði ýmis af vönduðustu húsum sem reist voru hér á landi í lok 19. aldar, þeirra á meðal Alþingishúsið.


Þegar ný, steinsteypt kirkja reis í Stykkishólmi á 8. áratug seinustu aldar var stefnt að því að rífa timburkirkjuna sem Helgi Helgason teiknaði. Viðhorf Stykkishólmsbúa til gömlu kirkjunnar breyttust á næstu árum og 1993 hófst umfangsmikil viðgerð á henni, sem tók mið af upphaflegri gerð hennar og litum.



Litir



Veggir
2502-Y



Gluggar
502-Y

Kirkjustræti 10

1879

Kristjánshús við Kirkjustræti 10 var reist árið 1879 og er þriðja elsta húsið við Austurvöll, eldra en sjálft Alþingishúsið. Einu tvö húsin við Austurvöll sem eru ennþá eldri eru Dómkirkjan og Thorvaldsensstræti 2, Kvennaskólinn eða Nasa, sem reist var árið 1878. Kristján Ó. Þorgrímsson, kaupmaður og konsúll, reisti húsið sem er tvílyft timburhús, kjallari og ris, byggt af bindingi sem múrað er í með grjóti. Að utan er það klætt með málaðri listasúð. Kristján bjó í húsinu ásamt fjölskyldu sinni en hafði þar einnig ýmskonar rekstur. Þannig var bæði bókaútgáfa í húsinu og bókabúð á neðri hæðinni, verslað með eldaveilar og ofna og svo rak Kristján þar skrifstofu og tók að sér málf lutning, innheimtu skulda og aðstoðaði fólk við bréfaskriftrif. Ýmis starfsemi var í húsinu eftir tíma Kristjáns og búið var á efri hæð þess fram til ársins 1950 en um 1980 komst það í eigu ríkissjóðs. Seint á níunda áratugnum kom til tals að rífa það eða flytja á annan stað en næsta hús, Kirkjustræti 12, hafði þá þegar verið flutt í Árbæjarsafn þar sem það stendur í dag. Árið 1995 var ráðist í að gera húsið upp sem næst upprunalegri gerð þess. Burðarviðir hússins eru upprunalegir en flest annað í húsinu hefur verið smíðað upp á nýtt og var það gert eins og í húsinu nýbygðu. Gluggar og skraut yfir þeim var fært í fyrra horf og listasúð á veggjum var endurnýjuð en sú upprunalega fannst undir síðari tíma bárujárnsklæðningu og liturinn á henni var notaður utan á húsið að nýju.


Litir






Hurð og handrið
5540-Y90R



Veggir
4010-B90G



Gluggar
502-Y



Pílárar
5020-B10G



Gröndalshús

1882

Árið 1881 rak á fjörur í Höfnum á Suðurnesjum gríðarlega stórt seglskip, fulllestað timbri. Skipið hafði rekið mannlaust um Atlantshafið í nokkra mánuði eftir að hafa orðið fyrir skakkaföllum í óveðri. Hópur manna réðst í að bjarga timbrinu. Þeirra á meðal var Sigurður Jónsson járnsmiður í Reykjavík.

Mörg hús voru á næstu árum byggð úr timbri úr skipinu Jamestown. Sigurður reisti sér íbúðarhús og smiðju á Vesturgötu 16B af plönkum úr þessu strandi og bjó þar í sex ár þar til hann missti húsið vegna skulda. Húsið gekk undir ýmsum nöfnum vegna hins sérkennilega byggingarlags, en það er tvílyft að framan og einlyft að aftan. Nöfn eins og Púltið, Skrínan eða Skattholið vildu loða við húsið.

Smiðja Sigurðar var í austurhluta hússins en íbúðin var í vesturhlutanum. Tveir reykháfar voru í húsinu, hvor í sínum hluta.


Benedikt Gröndal eignaðist húsið 1888 og lét breyta smiðjunni í stofur. Í hans tíð var hesthús og hlaða sambyggt austurgafli hússins. Benedikt bjó í húsinu til dauðadags árið 1907 og er húsið kennt við hann og nefnt Gröndalshús.

Árið 2010 var húsið flutt á nýja lóð í Grjótárþorpi og sett þar á nýjar undirstöður og kjallara og endurbætt mikið með hliðsjón af blómaskeiði þess þegar Benedikt Gröndal var upp á sitt besta.

Litir





Veggir
5040-Y80R



Þakskegg og
vindskeiðar
1002-G




Gluggarammar
5010-G50Y



Gluggakarmar,
faldar, vatnsbretti
1502-G



Þak tjargað
með koltjöru



Áshús

1883

Fram undir lok 19. aldar bjuggu nær allir bændur landsins í torf-húsum. Timburhús voru aðeins örfá til sveita. Í Ási í Hegranesi var reist timburhús árið 1868 og þótti það tíðindum sæta. Annað timburhús og mun stærra var byggt í Ási árið 1883. Gamla timburhúsið hefur að líkindum verið tjargað en nýja húsið var málað. Það var að nokkru leyti byggt úr rekaviði en önnur byggingarefni þess sótt til Skotlands. Með sauðasölunni svokölluðu sem hófst á seinni hluta 19. aldar opnuðust nýjar verslunarleiðir til Englands og þaðan bárust einnig ný byggingarefni. Inni í timburveggjum Áshússins voru skoskir múrsteinar og timbursúðin utan á húsinu var negld með verksmiðjuframleiddum saum sem þá var nýmæli hér á landi. Nýja húsinu var ætlað að hýsa kvennaskóla sem þá var á döfinni í Skagafirði og þar var lengi miðstöð handverksmenntunar kvenna í héraðinu. Yfirmiður var Þorsteinn Sigurðsson sem síðar varð einn afkastamesti kirkjusmiður síns tíma í Skagafirði og Húnavatnssýslum. Hann lærði trésmíði í Kaupmannahöfn.

Árið 1990 var ákveðið að flytja húsið í heilu lagi í Byggðasafn Skagfirðinga vegna sérstöðu þess. Þar var því komið fyrir á grjót-hlöðnum kjallara, svipuðum þeim sem það hvíldi á í Ási. Allar endurbætur sem gerðar voru tóku mið af uppruna og sögulegu gildi hússins. Það var málað í þeim litum sem talið var að það hefði borið á 19. öldinni.


Litir






Veggir
2040-Y20R



Gluggafaldar og
listar
2502-Y



Gluggakarmar,
rammar, hurð, vind-
skeiðar, þakskegg
502-Y



Þak
8500-N



Iðnó

1896

Höfundur **Einar J. Pálsson forsmiður**





Nokkru fyrir síðustu aldamót, eða 1893, fékk Iðnaðarmannafélag Reykjavíkur útmælda lóð út í Tjörnina norðanverða til að gera þar uppfillingu og byggja samkomuhús sitt. Iðnaðarmenn reistu þar veglegt samkomuhús á árunum 1896–1897. Húsið var byggt eftir teikningum Einars J. Pálssonar trésmíðameistara, sem jafnframt var yfirmiður þess. Iðnaðarmannahúsið, eða Iðnó eins og það hefur lengst af verið kallað, var meðal stærstu og veglegustu timburhúsa sem reist voru í lok síðustu aldar á Íslandi. Það var fullbyggt síðari hluta árs 1897. Húsið er sambland af klassískum stíl og sveitserstíl.


Árið 1930, eftir að verklýðsfélögin keyptu húsið, voru gerðar á því verulegar endurbætur og breytingar. Á árunum 1994–1997 var húsið síðan endurbyggt í því sem næst upprunalegri mynd.

Elstu ljósmyndir benda til þess að gluggar og hurðir hafi verið dökk að lit og það hefur án efa verið sá dökkbrúni litur sem er á þeim nú, þar sem leifar af honum fundust á upprunalegum gluggum. Þá eru skrautbönd á hæðaskilum og undir þakbrúnum í blýhvítum lit. Aðallitur hússins er ljós og var valinn drappaður litur í þeim tilgangi. Þakið er í svörtum lit og gefur það húsinu ákveðinn virðingarblæ. Þessi litasamsetning var nokkuð algeng á bárujárnshúsum um og upp úr aldamótunum 1900 og fram undir 1930.



Litir

		
Tréverk og gluggar 7010-Y70R	Veggir 1005-Y30R	Skrautlistar 0505-Y20R
		


Þak 8000-N


Nýibær

1898

Magnús Magnússon smiður

Þorpið á Eyrarbakka einkennist af legunni meðfram sjónum á bakvið sjóvarnargarðinn mikla sem hlaðinn var á 19. öld. Hann hefur sannarlega hlíf byggðinni en fleira hefur orðið til að hlífa byggðinni og húsunum frá miklum kollsteypum í nýbyggingum eða breytingum.

Húsið að Eyrargötu 6 er bárujárnsklætt timburhús, líklega byggt árið 1902 eftir teikningum Magnúsar Magnússonar. Húsið er einlyft og portbyggt með brotnu þaki og miðjukvisti. Þakið er svokallað mansardþak, á þessari stærð húsa oft kallað alþýðumansard, en rekur uppruna sinn til barokktímans í Frakklandi.

Byggt hefur verið við báða gafla hússins á sama tíma eða fljótlega eftir byggingu þess. Núverandi eigendur gerðu við húsið og endurbættu um aldamótin 2000. Húsið var endurgert í upphaflegri mynd sinni, m.a. gluggar og hurðir, en bætt við lítilli viðbyggingu til norðurs. Litir voru valdir með hliðsjón af einföldum húsagerðum í þorpum og kaupstöðum í byrjun 20. aldar.



Veggir
3020-G90Y

Gluggafaldar, vatns-
bretti, listar við þak
5010-G90Y

Gluggarammar
0502-Y



Þak
8500-N

Útihurð
7010-Y70R



Bæjartorfan

1896—1929

Rögnvaldur Ólafsson, Einar Erlendsson, Guðjón Samúelsson o.fl.


Eftir að notkun steinsteypu varð algeng í húsagerð til sveita snemma á 20. öld skapaðist smám saman sú hefð að mála útveggi úr steini hvíta og bárujárnsklædd þök rauð. Oftast voru þá gluggar, hurðir, þakkantar og annað tréverk á ytra borði í grænum lit. Óviða hefur þessi hefð varðveist betur en á gömlu bæjartorfunni á Hvanneyri í Borgarfirði þar sem samræmt litaval allra bygginga er veigamikill þáttur í fegurð staðarins. Málun þaka í sterkum lit á húsum hér á landi tengist án vafa almennri notkun bárujárns sem þakefnis. Bárujárninu fylgdi þó sá annmarki að nauðsynlegt var að mála það með reglulegu millibili til að verja það gegn ryðmyndun. Fljótlegast og ódýrast var að mála yfir blýmenju með svipuðum lit og þar sem áletrun á járninu var rauð hlaut rauður litur að vera svarið. Fleira kann að skýra almenna notkun rauða litarins, svo sem góð ending hans vegna efnafræðilegra eiginleika og takmarkað framboð í verslunum fram eftir 20. öld.



Veggir
0500-N

Þak
5040-Y80R

Gluggar og tréverk
6030-G30Y



Laufásvegur 31


1902

Upp úr 1880 tóku norsk áhrif í byggingarlist að berast til landsins og áttu eftir að verða ríkjandi allt fram undir 1930 þegar fúnkísstefnan tók völdin. Sú tegund húsagerðar sem af þessu spratt, svonefndur sveitserstíll, var ættuð frá svissneskum og suðurþýskum bóndabæjum og tekin upp af evrópskum húsameisturum, einkum þýskum. Um miðja 19. öld barst stíllinn til Noregs enda þýsk áhrif þar mikil á þeim tíma. Sveitserhúsin voru mjög háreist, með miklu þakskeggi, útsöguð-um sperruendum og á allháum steinhlöðnum kjallara. Gengið var inn á gafl. Gluggar voru stórir og ofast með krosspóstum. Tréskraut og útskurður voru einnig einkennandi.

Laufásvegur 31 er einstaklega glæsilegt dæmi um þennan stíl, með miklu skrauti og útskurði á göflum og kvisti. Grænu litirnir eru mjög ráðandi á húsinu, en litaskiptingin er eitt helsta einkenni sveitserstílsins. Þarna er aðallitur hússins ljósmosagrænn, en gluggaumgjarðir ásamt hornsúlum, vindskeiðum og sperruendum eru í dökkmosagrænum lit til áherslu. Gluggar eru hafðir í hvítum lit til mótvægis við grænu litina og einnig til að draga fram einkenni stílsins í gluggunum. Sama má segja um allan útskurð sem er hvítmálaður og sýnir þannig fegurð sína. Þakið er í svörtum lit og gefur það húsinu ákveðinn virðingarblæ.

Fyrsti eigandi hússins var Hannes Thorarensen kaupmaður og bjó fjölskylda hans í því allar götur til 1967, en þá komst það í eigu breska sendiráðsins sem gaf það Árbæjarsafni. Húsið var flutt á safnið 1972.

Litir



Læknishúsið

1903

F.A. Bald húsameistari

Læknishúsið var upphaflega byggð árið 1903 eftir teikningum danska húsameistarans F.A. Bald. Á vegum Minjaverndar hf. var um 2010 hafist handa við tillögugerð um uppbyggingu húsaþyrpingarinnar kringum franska spítalann og Læknishúsið. Í Læknishúsinu og ganginum undir götunni er nú sýning sem Árni Páll Jóhannsson hannaði um veiðar frönsku sjómanna.

Læknishúsið er byggt á háum steypum kjallara, einlyft, portbyggt með háu risi, klætt láréttri, strikaðri vatnslæðningu og hornborðum, gluggar eru krossgluggar með kröppum og bjórum undir vatnsbretti að ofan, gaflar og kvistur eru skreyttir þverslám og útskornum burðarslám.

Húsið var fyrst endurgert um 1990 fyrir skrifstofur Búðarhrepps og síðan 2011–2014 á vegum Minjaverndar ásamt Franska spítalanum, kapellunni, endurbyggingu sjúkraskýlis, líkhúss og bryggju fram undan spítalanum. Hótel er starfrækt í öllum byggingum nema kapellunni.


Veggir
2020-Y10R

Listar og tréverk
6010-Y30R

Gluggarammar
0502-Y

Þak, járn
7502-Y

Útihurðir
7020-Y70R

Sökkull
4502-Y

Gluggafaldar
6010-Y30R


Grettisgata 26

1904

Guðmundur Brynjólfsson smiður

Húsið Grettisgata 26 var reist árið 1904 af Guðmundi Brynjólfssyni trésmiði og er gott dæmi um svokallaðan bárujárns-sveitserstíl sem algengur varð hér á landi og hefur sömu einkenni og norsku sveitserhúsin með þeirri undantekningu að veggir og þök voru klædd bárujárni. Norsku sveitserhúsin voru timburklædd en timbrið var dýrt og þegar bárujárni barst hingað til lands í lok 19. aldar hlaut það fljótt útbreiðslu sem klæðning á þök timburhúsa og síðar veggj. Þetta átti líka við um sveitserhúsin og tók frágangur við glugga, hurðir, vatnsbretti, bönd, þakbrúnir o.fl. mið af hinu nýja efni. Þegar frá leið fór skraut á húsum minnkandi en á þessu húsi er talsvert um vandaðan útskurð bæði á vindskeiðum og undir þakskeggi.

Húsið stendur á horni Grettisgötu og Frakkastígs, er hornsneitt og skrautskorið yfir horninu. Götuhliðar hússins eru lítið breyttar frá upphafi en viðbyggingar við suður- og austurhliðar hússins bættust við smám saman fram yfir miðja 20. öld og bera einkenni yngri stílgerða. Meðal annars má sjá fúnkíseinkenni í gluggasetningu á suður- og vesturhliðum viðbyggingarinnar. Húsið hefur alla tíð verið íbúðarhús en um tíma var þar einnig verslunarrekstur auk þess sem happdrættisumboð sífs var í húsinu um skeið. Litasetning hússins er látlaus og mild en litaskipting á milli veggja og glugga undirstrikar skreytið einsog algengt var á húsum í sveitserstíl. Sami litur er á öllum gluggum hússins og umbúnaði umhverfis gluggana og liturinn fellur vel inn í steingráan kjallara hússins.



Veggir
3020-Y

Tréverk
6502-G

Gluggar
5005-G20Y



Laugavegur 41

1906

Laugaveg 41 byggði Arinbjörn Sveinbjarnarson bókbindari árið 1898. Upphaflega var húsið einlyft með kjallara og risi, byggt úr bindingi og járnklætt á austurgafli og suðurhlið. Arinbjörn hafði bókaverslun í húsinu fram til um 1930 en síðar var þar starfrækt búshaldaverslun Sigurðar Kjartanssonar rafvirkja. Árið 1983 var húsið stækkað með tvílyftri viðbyggingu til vesturs.

Galvanhúððu, bóróttu þakjárn (bárujárn) fylgir sá annmarki að nauðsynlegt er að mála það með reglulegu millibili til að hindra ryðmyndun. Galvanhúðað járn er best að mála sem fyrst (innan 1–2 ára) og áður en að galvanhúðin fer að láta á sjá. Á seinustu árum hefur notkun álsinks aukist á kostnað bárujárns, meðal annars vegna þess að álsinkið getur staðið mun lengur ómálað en bárujárnið. Fyrir vikið hefur sú litagleði sem einkenndi gömlu bárujárnshúsin við Laugaveg og víðar í miðbæ Reykjavíkur látið undan fyrir kuldalegum og tilbreytingarlausum málmlit. Því vakti það athygli þegar húsið við Laugaveg 41 var málað í björtum og fallegum litum strax í kjölfar nýlegrar viðgerðar. Ytra borð hússins var friðað (nú friðlýst) af mennta- og menningamálaráðherra árið 2011.




Litir



Veggir
4010-Y10R

Sökkull
7005-G50Y

Gluggafaldar
7020-Y30R



Gluggarammar
502-Y

Þak
5040-Y80R




Tjarnargata 22

1906

Rögnvaldur Á. Ólafsson arkitekt

Klemens Jónsson landritari reisti Tjarnargötu 22 árið 1906 eftir teikningum Rögnvaldar Á. Ólafssonar. Húsið er eitt af þeim báru-járnssveitserhúsum sem einkenna byggðina undir Tjarnarbrekkunni en það er hluti af þeirri byggð sem var friðuð (nú friðlýst) sem samstæð heild árið 1991.


Þak hússins nær langt út fyrir veggj og er þar stutt bitum og slám á burstum. Þak, sperrur og gerekti eru máluð í ensk-rauðum lit. Gluggar, sem bera jógendsvip eru málaðir hvítir. Svalir sem brjóta upp samhverft útlit austurhliðar bera báða litina, ensk-rauðan og hvítan. Grár sökull brýtur upp fremur látlaust útlit veggja sem eru málaðir í ljósgulum lit.



Veggir
1010-Y20R

Gluggarammar
502-Y

Þak, sperrur, glugga-
faldar og grindverk
5040-Y80R



Sökkull
7005-G20Y




Vesturvegur 8

1907

Húsið Vesturvegur 8 er eitt þeirra svípmiklu timburhúsa aldamóta-
áranna á Seyðisfirði sem gert hefur verið upp á vandaðan hátt.
Það er glæsilegur fulltrúi hins norskættaða sveitserstíls sem svo
mjög einkennir gömlu byggðina á Seyðisfirði. Rauðir veggir, hvítir
gluggar og svart þak er ein algengasta lítasamsetning á eldri timbur-
húsum í Noregi og Svíþjóð. Hún var jafnframt mjög algeng hér á
landi um og eftir aldamótin 1900. Áberandi mörg atvinnuhús þess
tímabils voru í þessum litum og hafa þeir m.a. varðveist á Roalds-
brakka á Siglufirði og Randúlfssjóhúsi á Eskifirði.

Litir



Skálholtsstígur 7

1903

Magnús Th. S. Blöndal forsmiður

Magnús Stephensen landshöfðingi lét reisa Skálholtsstíg 7 sem íbúðarhús sitt árið 1903. Magnús Th. S. Blöndal forsmiður teiknaði það og byggði. Húsið er hannað í skrautlegum sveitserstíl með austurlenskum áhrifum sem birtast í hinum einkennandi turni. Húsið er tvær hæðir og rís á steypum kjallara með þristrendri útbýggingu á framhlið sem teygir sig upp af þakinu sem áttthyrndur turn með spirulaga kúpulþaki. Hörður Ágústsson listmálari valdi á sínum tíma þá liti sem nú prýða húsið.

Vegglitur er ljósmosagrænn og aðalþak og turnspíra eru rauð, sem var mjög algengur þaklitur eftir að farið var að nota bárujárn á þök. Gluggar og tréskraut eru hvít, öfugt við það sem áður var. Miðju-band, turnband, gluggaumgjardir og hornstoðir eru dökkmosagræn sem undirstrikar form hússins. Handrið umhverfis turn er málað hvítt með dökkmosagrænum stöðum og handlistum. Kjallari er síðan málaður í milligráum lit sem gefur húsinu fasta undirstöðu. Kjallarar voru gjarnan málaðir í dökkgráum litum í þeim tilgangi.




Sökkull
7502-G




Veggir
3010-G40Y




Gluggafaldar,
vatnsbretti og tréverk
6502-G



Tréverk og þak
5040-Y80R



Gluggarammar
502-Y



Fríkirkjuvegur 11

1908

Höfundur

Einar Erlendsson húsameistari



Húsið að Fríkirkjuvegi 11 var reist á árunum 1907–1908 eftir teikningum Einars Erlendssonar fyrir athafnamanninn Thor Jensen. Húsið er tvílyft timburhús í nýklassískum stíl. Klassískar skreytingar eru áberandi að innan sem utan en við aðalinnganginn eru jónískar súlur. Fjöldmörg atriði í frágangi hússins voru nýlunda á þeim tíma þegar það var reist, svo sem vatns- og raflagnir. Jafnframt stendur húsið sem vitnisburður um framúrskarandi frágang hvað smíðar og málun varðar en fyrstu íslensku málarnir komu að málun þess.

Samtök bindindismanna keyptu íbúðarhúsið árið 1939 og var það notað til samkomuhalds en einnig leigt undir skrifstofur. Húsið var þá nefnt Bindindishöllin. Reykjavíkurborg eignaðist húsið árið 1963 og var það um skeið aðalbækistöð Íþrótt- og tómstundaráðs.

Húsið, sem er friðlýst, hefur staðið óbreytt að mestu frá upphafi en gengist undir töluverðar viðhaldsframkvæmdir á undanförunum árum. Húsið er eitt besta dæmi Reykjavíkur um framúrskarandi varðveislu hvað byggingarstíl, byggingarefni og handverk varðar. Það er jafnframt gott dæmi um klassíska litanotkun þar sem veggir eru ljósir en tréverk, faldar og annað skraut er málað í rauðum lit en okkurgulur bregður þar einnig fyrir.



Litir



Tjarnargata 37

1910

Höfundur

Rögnvaldur Á. Ólafsson arkitekt

Svonefndur sveitserstíll á rætur sínar í byggingarhefð Svisslendinga og Týrólabúa þar sem voldug þakskegg og skrautlegt tréverk eru áberandi útlitseinkenni. Stefnan barst til Noregs frá Þýskalandi um miðja 19. öld og þaðan bárust áhrifin til Íslands. Rögnvaldur Á. Ólafsson var höfundur nokkurra glæsilegustu timburhúsa í sveitserstíl sem risu hér á landi á fyrsta áratug 20. aldar. Í þessu húsi er fagurlega smíðuð burðargrind þaks og svala dregin fram í grænum lit sem veigamikill útlitsþáttur í byggingarlist hússins. Til mótvægis er hvítur litur á gluggum og mildur ljós litur á bárujárns-klæddum veggflötum. Dekkri grátóna litir á eru þaki og veggjum.



Litir

Veggir 3005-G50Y	Sökkull 7005-G50Y	Gluggafaldar og tréverk 7010-G70Y

Gluggarammar 502-Y	Þak 8500-N

Laufásvegur 34

1909



Höfundur

Einar J. Pálsson forsmiður

Laufásveg 34 byggði Jón Þórarinnsson fyrrv. skólastjóri Flensborgar-skóla í Hafnarfirði þegar hann gerðist fræðslustjóri í Reykjavík. Í fyrstu var fræðsluskrifstofa Reykjavíkur í húsinu en í dag er það íbúðarhús. Húsið er portbyggt, einlyft, bárujárnsklætt timburhús á steypum kjallara. Byggingarstíll hússins er sambland af klassískum stíl og jugendstíl og prýða þakskegg miklir klassískir krappar. Veggir hússins eru ljósir en faldar og tréverk brúnt á lit. Gluggar á hæðum eru hvítmálaðir. Sökkull hússins er grár en þar eru gluggar málaðir í ljósgráum lit, líkt og tíðkaðist á þeim tíma þegar húsið var byggt og kemur jafnframt fram í umfjöllun og ráðleggingum Sigurðar Guðmundssonar arkitekts í bókinni Húsakostur og híbýlaprýði árið 1939.



Litir




Gamla sjúkrahúsið

1924

Guðjón Samúelsson arkitekt

Bæjarstjórn Ísafjarðar hóf undirbúning að byggingu nýs sjúkrahúss árið 1919 að frumkvæði Vilmundar Jónssonar sem þá var nýskipaður héraðslæknir á Ísafirði. Sjúkrahúsið var reist árið 1925 eftir teikningum Guðjóns Samúelssonar húsameistara ríkisins og er ein best varðveitta opinbera bygging Guðjóns frá fyrstu starfsárum hans. Sjúkrahúsið er tvílyft steinsteypt hús á kjallara og rishæð undir háu valmaþaki. Það þótti glæsilegasta hús sinnar tegundar hér á landi á sínum tíma og ber vitni um stórhug og djörfung þeirra sem að því stóðu. Í húsinu er nú bókasafn, myndasafn, skjalasafn og listasafn Ísafjarðar og er það oft kallað Safnahúsið. Eftir að nýtt Fjórðungs-sjúkrahús Vestfjarða var tekið í notkun árið 1989, var gert vandlega við gamla sjúkrahúsið. Húsið var áður hvítmálað með grænum gluggum og rauðu þaki en eftir viðgerðirnar var sú ákvörðun tekin að samræma lit á þaki og gluggum og því eru bæði þak og gluggar nú í grænum lit.






Veggir
0500-N



Gluggar
6010-G10Y



Þak
7010-G10Y



Öldugata 32

1927

Guðmundur H. Þorláksson húsameistari

Íbúðarhúsið að Öldugötu 32 var reist eftir teikningum Guðmundar H. Þorlákssonar fyrir Benedikt Þjetursson. Húsið, sem er steinsteyppt með nýklassískum kvisti og skreyttum steypum þakkanti, er sementskústað að utan.

Mörg steinsteyppt hús sem reist voru á 3. og 4. áratugi 20. aldar voru aldrei máluð og hafa alla tíð staðið með gráa steypuveggi. Ytri áferð steypuveggjanna var mismunandi, en oftast voru þau múrpússuð eða sementskústuð. Gluggarnir í þessum húsum hafa ýmist verið hvítir eða í dökkum lit, t.d. dökkgrænum eða dökk-enskraudum.

Upprunalegir gluggar hússins eru með spégleri og eru í dag málaðir hvítir en bárujárnsklætt þakið er málað rautt.



Gluggar
502-Y

Þak
5040-Y80R



Ægisíða 80


1958

Sigvaldi Thordarson arkitekt

Eitt af sérkennum 6. og 7. áratugar 20. aldar var notkun sterkra lita á afmarkaða fleti á útveggjum húsa. Erlendis endurspeglaði uppdeiling útveggjaflata samsetningu hússins þar sem veggir voru ýmist léttir eða berandi. Hér á landi var algengast að heilsteypa hús á staðnum og því nærtækt að mála útveggina í mismunandi litum til að draga fram formeinkenni hússins. Bak- og hliðarveggir voru oftast í ljósum (beinhvítum) lit en suðlægar hliðar í sterkum eða dökkum lit líkt og til að áréttu opnun íbúðarinnar á móti sól. Fyrstur til að kynna þessa nýju formhugsun var Sigvaldi Thordarson arkitekt í húsi við Efstasund frá 1942, þar sem veggfletir voru ýmist hvítir eða málaðir í gulum og bláum pastellit. Önnur blæbrigði sömu grunnlita áttu eftir að einkenna mörg verk Sigvalda og eru við hann kennd (Sigvaldalitir). Auk blárra (NCS S 6030-R90B) og gulra lita notaði Sigvaldi rauða, græna, koksgráa og viðarklædda fleti sem veigamikild atriði í byggingarlist sinni. Gluggarammar voru oftast hvítir en útidyr og bílskúrshurðir í dökkum viðarlit. Notkun sterkra lita og deiling veggflata í afmarkaða efnis- og litafleti var dæmigerð fyrir verk fleiri arkitekta á 6. áratugnum, svo sem Hannesar Kr. Davíðssonar, Gunnars Hanssonar, Guðmundar Kr. Kristinssonar og Skarphéðins Jóhannssonar.



0502-Y	2050 Y20R	7502-Y
---------------	------------------	---------------





Um málningu á fyrri tíð

Mikilvægt er að velja málningartegund sem hentar best hverju sinni. Auk þess að gefa húsinu lit er málningunni oftast ætlað að verja byggingarefnin og draga úr veðrun þeirra.

Reynslan hefur sýnt að óheppilegar tegundir geta valdið umtalsverðum skaða bæði á timbri og steinsteypu.

Málningargerðir voru fáar notaðar framan af. Frá miðri 19. öld og fram á þá 20. var línolía ríkjandi bindiefni málningar sem ætluð var á timbur en einnig var trétjara notuð og bætt í hana litarefnum. Einnig voru notaðar málningartegundir sem höfðu lím sem bindiefni. Kalk var notað sem bindiefni í málningu á steinhús en síðar kom fram sementsmálning af ýmsum toga og einnig svokölluð silikat-málning með steinefnabindingu.

Svonefndar alkýðolíur komu til sögunnar sem bindiefni málningar um miðja 20. öldina og einnig latexolíur og akrýlolíur. Allar þessar málningartegundir hafa verið notaðar bæði á tré og steinsteypu.

Allar málningartegundir hafa kosti og galla og mikilvægt er að velja þá tegund sem ver byggingarefnin vel og endist lengi. Einnig ætti að huga að mengunarhættu og áhrifum á umhverfið. Aferð málningar og lykt getur einnig ráðið nokkru um val á efni. Þegar um gömul hús er að ræða getur komið til álita að velja málningartegund sem rímar við aldur hússins.

Andblær húss frá miðri 19. öld getur til dæmis einkennst af daufrí lykt frá tjörumálningu og fallegt timburskraut á sveitserhúsi frá fyrstu áratugum 20. aldar hefur svolítið annan blæ þegar málað er með línolíumálningu en þegar notuð er nútímalegri og auðveldari alkýðolíumálning.¹

¹ Þeim sem vilja fræðast um efnið er bent á bókina *Líf með litum: Saga málaraiðnar á Íslandi* eftir Kristján Guðlaugsson málarameistara. Útgefandi: Hið íslenska bókmenntafélag, 2002.

1761	Nesstofa	Seltjarnarnes
1764	Aðalstræti 16	Reykjavík
1788	Hæstakaupstaðarhús	Ísafjörður
1790	Langabúð	Djúpivogur
1801	Austurstræti 22	Reykjavík
1823	Hansenshús	Árbæjarsafn
1855	Aðalstræti 2	Reykjavík
1859	Aðalstræti 4	Akureyri
1878	Stykkishólmskirkja	Stykkishólmur
1879	Kirkjustræti 10	Reykjavík
1882	Gröndalshús	Reykjavík
1883	Áshús	Glaumbær
1896	Iðnó	Reykjavík
1898	Nýibær	Eyrbakki
1896–1920	Bæjartofan	Hvanneyri
1902	Laufásvegur	Árbæjarsafn
1903	Læknishúsið	Fáskrúðsfjörður
1904	Grettisgata 26	Reykjavík
1906	Laugavegur 41	Reykjavík
1906	Tjarnargata 22	Reykjavík
1907	Vesturvegur 8	Seyðisfjörður
1907	Skálholtsstígur 7	Reykjavík
1908	Frikirkjuvegur 11	Reykjavík
1909	Laufásvegur 34	Reykjavík
1910	Tjarnargata 37	Reykjavík
1924	Gamla sjúkrahúsið	Ísafjörður
1927	Öldugata 32	Reykjavík
1958	Ægisíða 80	Reykjavík



Borgarsögusafn
Reykjavíkur



Minjastofnun
Íslands